

**Ed.**

## **285. Frumvarp**

til laga um undirbúning á raforkuveitum til almenningsþarfa.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

### **1. gr.**

Vegamálastjóra er falið að rannsaka og gera tillögur um heildartilhögun á raforkuveitum til almenningsþarfa í þeim hlutum landsins, þar sem hann að undangenginni athugun telur hentugt að fullnægja raforkuþörfum almennings með orkuveitum frá háspennuveri, er taki yfir meira en einn hrepp eða kaupstað. Með rannsókn þessari skal leysa úr því, hver fallvötn séu hentust til virkjunar fyrir hvern landshluta og yfir hve stórt svæði henti að leggja veitutaugar frá hverju þeirra. Svo skal og gera kostnaðaráætlanir um þessi mannvirki og áætlanir um rekstrarafkomu og styrkþörf hvers orkuvers með tilheyrandi tauga-kerfi. Gera skal frumdrætti af fyrirhuguðum mannvirkjum, eftir því sem nauðsyn krefur vegna þessara kostnaðaráætlana.

### **2. gr.**

Rannsóknir þessar framkvæmir vegamálastjóri og fastlaunaðir starfsmenn hans án sérstaks endurgjalds, eftir því sem þeim vinnst tími til frá öðrum störfum. Ef ríkisstjórnin hefir verkfræðing með sérmenntun í rafmagnsfræði í þjónustu sinni, skal hann einnig vera vegamálastjóra til aðstoðar við rannsóknir þessar án sérstaks endurgjalds.

### 3. gr.

Jafnóðum og starfinu miðar áfram skal vegamálastjóri leggja skýrslur og áætlanir fyrir atvinnumálaráðuneytið. Ráðherra er heimilt að skipa fimm manna raforkumálanefnd ríkisstjórninni til aðstoðar í þessum efnum. Í nefndinni eiga sæti þrjú menn, tilnefndir hver af sínum þingflokki, þeim sem nú eru, forstjóri Rafmagnsveitu Reykjavíkur, að áskildu samþykki rafmagnsstjórnar kaupstaðarins, og hinn fimmti skrifstofustjóri eða fulltrúi úr ráðuneyti atvinnu- og samgöngumála, og er hann formaður nefndarinnar. Bresti tilnefningu eða samþykki einhvers framangreindra aðilja, velur ráðherra mann í þess stað.

Raforkumálanefndin starfar kauplaust, og skal verkefni hennar vera að undirbúa tillögur og lagafrumvörp þessum málum viðvikjandi, sem koma eiga fyrir Alþingi. Atvinnumálaráðuneytið og vegamálastjóri láta nefndinni í té aðstoð eftir þörfum án sérstaks endurgjalds.

### 4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.